

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Málning hf. Kópavogur



Dags eftirlits	31.8.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Málning hf.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Dalvegi 18	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4502694849	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Andri Ísak Þórhallsson	ÍSAT nr.	20.30.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	360217,744 403405,653

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fimm frávík komu fram í eftirlitinu vegna umfangs starfseminnar, geymslu innandyra, olíuskilju, skráninga og græns bókhalds.

Ein ábending var gerð er varðar vatnshalla, ástand girðingar og lekavarnir á geymsluplani.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í eftirlitsferð í Málningu hf þann 31. ágúst 2022. Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Niðurstöður síðasta eftirlits
- Grænt bókhald
- Kvartanir
- Gangsetning og stöðvun rekstrar og stjórnvaldssektir
- Umfang starfseminnar 2021
- Geymsla efna utan og innandyra (3.3 og 3.4)
- Ábyrgðatrygging (2.8)
- Olíuskilja (3.8)
- Skráningar (4.1)
- Mæling á ryki (4.3)
- Áhættumat
- Annað
- Skoðunarferð

1. Rekstraraðili er með samþykka úrbótaáætlun frá 14. október 2021 þar sem fram kemur hvaða úrbætur rekstraraðili ætlaði að gera. Áætluninni hefur þó ekki verið framfylgt nema að litlu leyti. Samkvæmt úrbótaáætluninni átti að uppfæra áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda eigi síðar en í febrúar 2022 sem hefur ekki verið gert.

Niðurfall í hráefnisgeymslu var lokað í eftirlitinu en ekki er ljóst hvort að um varanlega lokun sé að ræða eða tímabundna. Geyma skal ætandi efni í lekavörn en það hefur ekki verið gert samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila átti þetta að hafa verið framkvæmt í apríl 2022.

Skrá skal hitastig í geymslu fyrir leysiefni. Úrbætur samkvæmt áætlun hafa verið framkvæmdar og búið að koma fyrir hitamæli í efnageymslunni. Þessi mælir er með lítið rautt ljós sem lýsir ef hitinn fer yfir 20°C. Í eftirlitinu blikkaði þetta rauða ljós og það sýndi sig að hitinn hefur ítrekað farið yfir 20°C síðan í maí.

Í eftirliti síðasta árs komu fram tvær ábendingar sem annarsvegar varða viðgerð á girðingu í porti, framlengingu lekavarna og rusl í pró í portinu og hinsvegar uppfærslu á áætlun um rekstrarstöðvun. Viðgerðir á girðingu hafa farið fram en lekavarnir hafa ekki verið framlengdar og rusl var í pró við eftirlit. Áætlun um rekstrarstöðvun hefur ekki verið uppfærð.

- Grænt bókhald barst stofnuninni ekki fyrr en eftir 1. maí.
- Engar kvartanir vegna starfseminnar hafa borist síðan í síðasta eftirliti, hvorki til rekstraraðila eða Umhverfisstofnunar.
- Upplýsingablaði um gangsetningu og stöðvun rekstrar ásamt upplýsingablaði um stjórnvaldssektir voru afhent rekstraraðila í eftirlitinu.

5. Í eftirlitinu gat rekstraraðili ekki gefið upp umfang starfseminnar þótt ljóst sé að starfsleyfið gildi einungis fyrir ákveðna framleiðslu. Í tölvupósi frá rekstraraðila eftir eftirlitið kom fram að upplýsingar um framleiðslutölur eru ekki aðgengilegar í tölvukerfinu og því hefur rekstraraðilinn enga yfirsýn yfir framleiðslumagnið og getur ekki sýnt stofnuninni fram á hvort starfsemin sé innan leyfilegra marka.
6. Innandyra í framleiðslusölum eru opin niðurföll sem eru tengd við hreinsivirkið úti á bílaplani. Þessi niðurföll eru notuð þegar verið er að þrifa vélarnar. Mikið er af fljótandi efnum sem geymd eru í framleiðslusölunum. Lekið hefur frá mörgum þeirra en engin lekavörn er til staðar. Í efnageymslunni er mikið magn af efnum. Ætandi efni eru ekki geymd í lekabyttum.
7. Rekstraraðili sendi inn staðfestingu á ábyrgðatryggingu sama dag og eftirlitið fór fram.
8. Engar skráningar eru til vegna olíuskiljunnar. Skv starfsleyfi skal skrá alla vinnu við olíuskiljuna og varnarþrær þar með talið hvenær þær eru opnaðar, lokaðar, viðhald búnaðar, uppsöfnun í olíuskilju og tæmingu. Ekkert af þessu er skráð en rekstraraðili er með þjónustusamning við stíflupjónustu sem sér um losun olíuskiljunnar.
9. Í eftirlitinu kom fram að rekstraraðili sinnir ekki skráningum með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið sbr. gr. 4.1 í starfsleyfinu. Eina skráningin sem framkvæmd er er hitastig í efnageymslu en þó hitinn sé loggaður þá hefur eftirfylgnin ekki verið nægjanleg þar sem hitinn var stóran hluta af vorinu og sumrinu yfir leyfilegum mörkum.
10. Rekstraraðili sendi inn síðustu rykmælingu sem framkvæmd var 2021 og er hún undir mörkum.
11. Farið var yfir áhættumatið sem liggur til grundvallar eftirlitstíðni stofnunarinnar.
13. Farið var um starfsstöðina og aðstaðan skoðuð. Á geymslusvæðinu utandyra er þörf á að skoða ástand girðingarinnar og lekavarnirnar. Einnig er þörf á því að skoða hallann á planinu og hvert vökví sem færi niður við óhapp myndi leita.

Frávik frá	Lýsing á frávik
gr. 3.4 í starfsleyfi	Hiti í leysiefnageymslu er samkvæmt sírita ítrekað yfir 20°C. Ætandi efni eru geymd í hillum ásamt öðrum efnum og ekki í lekabyttu. Niðurfall við innkeyrslu hefur ekki verið varið gegn því að það renni af gólfi geymslunnar ofan í niðurfallið.
gr. 4.6 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal skila grænu bókhaldi fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. Fullnægjandi grænu bókhald vegna 2021 hefur ekki verið skilað, undirskrift stjórnar vantar.
gr. 1.2 í starfsleyfi	Rekstraraðila er heimilt að framleiða ákveðið magn samkvæmt starfsleyfi. Rekstraraðili getur ekki sýnt fram á framleitt magn.
Gr. 3.8 í starfsleyfi	Samkvæmt starfsleyfi skal skrá sérstaklega í rekstrarhandbók alla vinnu við olíuskiljur og varnarþrær, þar með talið hvenær opnað, lokað, viðhald búnaðar og þessháttar. Einnig skal fylgjast með uppsöfnun í olíuskiljur. Ekkert af þessu er skráð.
gr. 4.1 í starfsleyfi	Engar skráningar eru til yfir þá rekstrarþætti sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið sbr. gr. 4.1




## ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að lekavarnir á baklóðinni væru ekki fullnægjandi og skoða þyrfti vatnshallann á baklóðinni með tilliti til þess hvert vökvi rennur við óhapp.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.10.2022



Kristín Kröyer

